# Gæðastarf í framhaldsskólum

## Viðmið fyrir innra og ytra mat í framhaldsskólum


Inngangur

**1 Nám og kennsla**

Viðmið:

1.1 Umgjörð, skipulag og inntak náms

1.2 Gæði kennslu

1.3 Samvinna og starfsþróun kennara

1.4 Innri skólaþjónusta

1.5 Námsvitund

1.6 Ábyrgð og þátttaka

1.7 Árangur og farsæld nemenda

1.8 Vinnustaðanám

**2 Stjórnun og fagleg forysta**

Viðmið:

2.1 Stefnumótun og innleiðing

2.2 Faglegt samstarf og samræða

2.3 Ytri tengsl og samstarf

2.4 Þróun skólastarfs

2.5 Verklagsreglur og áætlanir

2.6 Stjórnun stofnunar

2.7 Að leiða nám og kennslu

**3 Innra mat**

Viðmið:

3.1 Skipulag og framkvæmd

3.2 Umbætur



**Stjórnarráð Íslands**
Mennta- og barnamálaráðuneytið

# Inngangur

**Þau viðmið sem hér fara á eftir eru grunnur að innra og ytra mati í framhaldsskólum. Innra mat er grundvöllur stöðugra umbóta í skólastarfi þar sem starfsfólk skólans er aðaldrifkrafturinn í að bæta skólastarfið. Ytra mat gefur aftur á móti utanaðkomandi sýn. Að byggja innra og ytra mat á sömu gæðaviðmiðunum skapar samræmi, aukið gagnsæi, skýrari markmið og umbótaáherslur í mati á skólastarfi. Gæðaviðmiðin endurspegla stefnu stjórnvalda og tilgangur þeirra er að mynda undirstöðu að mati í framhaldsskólum og tryggja að bæði innra og ytra mat styðji við sömu langtímamarkmið og umbótaáherslur.**

Viðmiðin ná til þriggja sviða skólastarfs::

1. Stjórnunar og faglegrar forystu.
2. Náms og kennslu.
3. Innra mats.

Viðmiðin endurspegla ákveðna áhersluþætti í opinberri stefnu sem kjarnast í

- áherslu á gæði náms og kennslu,
- áherslu á farsæld og forvarnir, að nemendur séu ávallt í forgrunni, komið sé til móts við einstaklingsbundnar þarfir og stuðlað að vellíðan þeirra og öryggi,
- inngildandi samfélagi þar sem margbreytileika er mætt og jöfnuður ríkir,
- lýðræðislegri þátttöku nemenda,
- grunnþáttum menntunar sem endurspegla allt skólastarfið,
- námsmati í anda leiðsagnarmats og markvissri skráningu á námi og framförum nemenda,
- skýrri sameiginlegri sýn og dreifðri og hvetjandi forystu,
- áherslu á lærdómssamfélag með tilheyrandi samstarfi, samvinnu og starfsþróun fagfólks og ígrundun þess á eigin starfsháttum,
- gagnvirkum tengslum og samstarfi við utanaðkomandi aðila og stofnanir,
- jákvæðum starfsanda og gagnkvæmri virðingu sem einkennir öll samskipti,
- markvissri vinnu að innra mati, þróun og umbótum á skólastarfinu og þar með talið á kennsluháttum.

Aftur á forsíðu

Viðmiðin eru sett fram í samfelldu máli. Þau lýsa skólastarfi sem er í góðu samræmi við ákvæði laga, aðalnámskrá, reglugerðir og stefnu stjórnvalda. Viðmiðunum fylgja vísbendingar sem er ætlað að styðja ytri matsaðila í athugun sinni á framhaldsskólum og leggja grunn að faglegri umræðu og ígrundun innan skóla á milli þess sem ytra mat er framkvæmt. Vísbendingarnar eru til stuðnings en ekki er litið svo á að þær séu tæmandi lýsing fyrir viðmiðið. Að auki skal hafa í huga að vísbendingarnar eru ekki algildir mælikvarðar á góð vinnubrögð eða frammistöðu, ávallt ætti að skoða þær í samhengi við sérstöðu viðkomandi skóla.

Vísbendingunum fylgir eftirfarandi kvarði sem segir til um að hve miklu leyti skólinn uppfylli þá lýsingu sem sett er fram:

* Verklag sem er öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði.

**A** Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi.

**B** Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi. Styrkleikar eru fleiri en veikleikar.

**C** Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti, einhverjir mikilvægir þættir þarfnast umbóta. Veikleikar eru fleiri en styrkleikar.

**D** Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

## Tengsl innra og ytra mats

Áherslur ytra matsins taka mið af umbótaáherslum skólans sem birtar eru í sjálfsmatsskýrslu og umbótaáætlun. Skoðaðar eru þær framfarir sem náðst hafa innan skólans, með hliðsjón af niðurstöðum innra og ytra mats. Áætlanir og matsniðurstöður eiga að sýna að hvert viðmið sé metið að minnsta kosti á fimm ára fresti.

Þar sem vísbendingar viðmiðanna eru umfangsmiklar er ekki lögð áhersla á að hver og ein vísbending sé alltaf metin í ytra mati. Bæði mun val vísbendinga til að meta taka mið af stöðu, innra mati og þróunarstarfi í hverjum skóla og einnig eru ákveðnar vísbendingar sem eru betur til þess fallnar að vera metnar í innra en ytra mati. Að auki getur ytra mat stundum beinst að afmörkuðum þáttum viðmiðanna. Einstaka vísbendingar eru ekki metnar í ytra mati og eru auðkenndar á eftirfarandi hátt: [Eingöngu metið í innra mati.].

Aftur á forsíðu

# Hvernig skólar geta nýtt sér viðmiðin í innra mati

Framhaldsskólar eiga að nýta viðmiðin í sínu innra mati. Ytra mat mun byggja á viðmiðunum án þess að hver og ein vísbending í viðmiðunum verði metin.

Gæðaviðmið eru mikilvæg í innra og ytra mati vegna þess að:

- **Þau veita leiðsögn og stuðning:** Þau veita stjórnendum og starfsfólki leiðsögn um hverju sé mikilvægt að stefna að í skólastarfinu. Þau varpa ljósi á lykilþætti sem þarf að huga að og setja ramma um þróun skólastarfs.
- **Þau gefa viðmið fyrir umbætur:** Skólar geta á grundvelli þeirra séð hvar þeir standa sterkir og hvar þarf að bæta úr.
- **Þau styðja við þróun og nýsköpun í skólastarfi:** Skólar geta notað viðmiðin til að þróa nýjar aðferðir og nálganir sem stuðla að því að uppfylla og jafnvel fara fram úr þeim væntingum sem settar eru.

Gert er ráð fyrir að hver skóli fari í gegnum viðmiðin og geri þau að sínum þannig að í skólanum sé sátt um að vinna að þeim. Skólar geta þannig bætt við eða breytt vísbendingum til samræmis við eigin stefnu og áherslur.

Skólameistari ber ábyrgð á innra mati skóla og gert er ráð fyrir að hann feli teymi innan skólans að hafa yfirumsjón með matinu. Matsteymið* ákveður til dæmis:

1. **Hvað á að meta:** Lagt er til að gerð sé áætlun til 4-5 ára þar sem raðað sé niður þeim viðmiðum sem á að meta á hverri önn/skólaári. Gert er ráð fyrir að hvert viðmið sé metið ekki sjaldnar en á fimm ára fresti en teymið getur ákveðið að einhver viðmið séu metin oftar (t.d. viðmið um gæði kennslu og þróun skólastarfs). Eðlilegt er að umbótaáherslur skólans hverju sinni ákveði tíðni matsþátta.
2. **Hvernig á að framkvæma matið:** Til að meta vísbendingarnar safnar matsteymið saman fyrirliggjandi gögnum sem tengjast því viðmiði sem á að meta. Oft þarf líka að safna gögnum sérstaklega og skipuleggur teymið þá gagnaöflun. Gögnin geta verið í formi rýnifunda, viðhorfskannana, viðtala, námsmats, skráninga, athugana í kennslustundum o.fl.
3. **Hverjir taka þátt:** Matsteymið metur hverju sinni hvaða aðilar innan skólans séu best til þess fallnir að meta tiltekin viðmið og vísbendingar. Þannig eru sum viðmiðanna metin fyrst og fremst af teymi stjórnenda og/eða matsteyminu, önnur af teymum kennara og enn önnur byggt á gagnaöflun frá nemendum eða foreldrum. Stundum á það einnig við að t.d. bæði teymi stjórnenda og kennara meti tiltekið viðmið til að fá fram sýn og mat ólíkra hópa. Matsteymi, eða teymi sem sett hafa verið saman sérstaklega til að meta viðkomandi viðmið, fara yfir og greina fyrirliggjandi gögn með hliðsjón af vísbendingum viðmiðanna og ákvarða um stöðu skólans út frá kvarðanum sem fylgir vísbendingunum.
4. **Hvað svo:** Mikilvægt er að skrá niðurstöður greiningar og mats fyrir hvert viðfangsefni til að ljóst sé á hverju þær byggja. Styrkleikar og tækifæri til umbóta eru dregin fram byggt á dómi hópsins/hópanna sem að matinu komu. Vísbendingar sem fá einkunnina A, byggt á matskvarðanum A-D, geta talist til styrkleika og vísbendingar sem metnar eru C eða D gefa tilefni til umbótaaðgerða. Á meðan skólar eru að innleiða hjá sér þær áherslur sem viðmiðin endurspegla er mikilvægt að forgangsraða og ætla sér raunhæf umbótaskref. Enn fremur þarf reglulegt mat að fara fram til að fylgjast með þróuninni og hvort aðgerðirnar hafi tilætluð áhrif.

Aftur á forsíðu

# Merking orða í viðmiðum og vísbendingum

**Aðrir leiðtogar** vísar til millistjórnenda, teymisstjóra og annarra starfsmanna sem gegna forystuhlutverki á afmörkuðum sviðum í skólanum, þ.m.t. einnig fulltrúar í skólaráði og öðrum ráðum og nefndum á vegum skólans.

**Annað fagfólk skólans** vísar til þess starfsfólks sem er með aðra menntun en kennaramenntun, má þar til dæmis nefna náms- og starfsráðgjafa, sálfræðinga, hjúkrunarfræðinga og kerfisstjóra.

**Grunnþættir menntunar** samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnræði og sköpun.

**Inngildandi skólastarf**: Starfshættir og skólabragur þar sem menntun, umhverfi, samskipti og stuðningur miða að virkri þátttöku allra barna og ungmenna og eru sniðin að fjölbreyttum þörfum þeirra með jafnræði að leiðarljósi.

**Innri skólaþjónusta** er sú sérfræðiþjónusta við nemendur sem sinnt er í framhaldsskólanum og er á ábyrgð skólameistara (nemendaþjónustan).

**Leiðsagnarmat** snýst um að meta sífellt stöðu og framfarir nemenda og að kennarinn noti endurgjöf til að styðja nemandann í átt að námsmarkmiðum. Í leiðsagnarmati er fjallað um styrkleika nemenda og hvernig þeir geti bætt sig. Lokamat hefur þann megintilgang að gefa upplýsingar um árangur náms og kennslu í lok námslotu, annar eða skólaárs.

**Lykilhæfni** er hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er nemendamiðuð útfærsla á áherslum grunnþátta menntunar.

**Lærdómssamfélag** er hópur fólks sem deilir sameiginlegum áhuga og sýn á nám, vinnur saman, styður hvert annað og leitar sameiginlegra leiða til að greina starfshætti sína, bæta þá og innleiða nýja sem geta stuðlað að betri árangri nemenda. Í því tilliti er leitað fanga innan og utan skólans.

**Lærdómsmenning** byggir á lærdómssamfélagi, sjá skilgreiningu að framan.

**Matsteymi** er notað sem samheiti yfir teymi sem sinna innra mati og gæðastjórn skólans, það nær þannig yfir teymi sem starfa undir mismunandi heitum, s.s. gæðaráð, gæðateymi, sjálfsmatshópur, sjálfsmatsnefnd, nefnd um innra mat, sjálfsmatsteymi o.s.frv.

**Nemendalýðræði**: Meginhugmynd nemendalýðræðis er að allir nemendur hafi jafnt vægi innan skólans og að rödd þeirra heyrist í skólanum, svo sem í gegnum hagsmunaráð nemenda, nemendafélag og/eða skólaráð.

**Rafræn ferilbók** er rafræn skráning um framvindu náms og námsferil nemanda á vinnustað.

**Skólanámskrá**: Þar er fjallað m.a. um sýn, stefnu, áætlanir, markmið, verklagsreglur, þjónustu, umgjörð og skipulag skólastarfsins og innra mat skólans. Í þessum gæðaviðmiðum er ekki verið að vísa í tiltekið plagg þegar fjallað er um skólanámskrá heldur getur vefsíða skólans allt eins verið ígildi skólanámskrár.

**Skólasamfélag** samanstendur af skólastjórnendum, kennurum, öðru starfsfólki, nemendum, foreldrum og ýmsum hagaðilum sem hafa sameiginlega hagsmuni af því að styðja við sýn skólans og stuðla að námshvetjandi umhverfi.

**Starfsþróun** er virkni sem þróar færni, sérfræðiþekkingu og aðra eiginleika kennara og felur í sér formlegt jafnt sem óformlegt nám, s.s. námskeið, fyrirlestra/fræðsluerindi, ígrundun/rannsóknir á eigin starfi, þátttöku í erlendum eða innlendum samstarfs- og þróunarverkefnum, ráðgjöf, ráðstefnur, skólaheimsóknir, námsferðir o.fl.

Aftur á forsíðu

**Stjórnendur** vísar til yfirstjórnar skólans eins og hún er skilgreind af skólanum sjálfum.

**Vinnustaðanám** tekur bæði til hugtakanna vinnustaðanám og starfsþjálfun.

**Vinnustaðanámssamningur** skiptist annars vegar í iðnmeistara-, fyrirtækis- og stofnunarsamning um vinnustaðanám og hins vegar í skólasamning um vinnustaðanám.

# Skipulag og framsetning viðmiða um gæðastarf í framhaldsskólum




Í viðmiðum fyrir innra og ytra mat eru þrír matsþættir sem ná yfir lykilatriði í skólastarfi: Stjórnun og forysta, nám og kennsla og innra mat skóla.

Þættirnir skiptast í mismarga kafla. Í hverjum kafla er viðmið sem er lýsing á því gæðastarfi sem ætlast er til að unnið sé í skólum.

Vísbendingar undir hverju viðmiði segja til um hvernig gæðastarfið birtist eða sést í störfum skólans.

Viðmið gæðastarfs eru flokkuð í þrjá kafla:

1. **Nám og kennsla**
2. **Stjórnun og fagleg forysta**
3. **Innra mat**

Hver kafli á sér orðuð viðmið sem lýsa ákjósanlegu gæðastarfi. Viðmiðin eru metin með vísbendingum.

Aftur á forsíðu

# 1. Nám og kennsla

Aftur á forsíðu

# 1.1 Umgjörð, skipulag og inntak náms

## Viðmið um gæðastarf

Nemendum gefst kostur á að velja sér fjölbreyttar námsleiðir á sviði almenns náms, listnáms, bóknáms og starfsnáms. Grunnþættir menntunar samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla endurspeglast með skýrum hætti í skipulagi alls skólastarfs. Námsframboð, námsbrautarlýsingar og áfangalýsingar eru birtar á vefsíðu og námsáætlanir liggja fyrir í öllum áföngum áður en nám hefst. Markmið náms eru sýnileg, aðgengileg og vel kynnt fyrir nemendum og foreldrum. Kennarar hafa kennsluréttindi, þekkingu á viðkomandi námsgrein og sýna fagmennsku við kennslu og bekkjarstjórn. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og sniðnir að eðli námssviða, markmiðum náms og margbreytilegum þörfum allra nemenda. Nýttar eru fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki. Námsumhverfi er hvetjandi til náms og gefur fjölbreytta möguleika. Stafræn tækni er notuð í þágu náms og faglegs starfs.

## Vísbendingar

1. Í skólanum eru allir kennarar með kennsluréttindi og sérhæfingu í sinni námsgrein.
2. Námsframboð skólans byggir á staðfestum námsbrautarlýsingum.
3. Áfangalýsingar á vefsíðu skólans tilgreina hæfniþrep og viðmið um þekkingu, leikni og hæfni sem unnið er að í áfanganum og hvernig námsmati er háttað.
4. Námsáætlanir liggja fyrir í öllum áföngum þar sem markmið kennslu og verkefna er skráð og hvernig námsmati er háttað. Þar er að finna upplýsingar um námsgögn og vægi verkefna.
5. Fram kemur í áfangalýsingum og námsáætlunum hvernig grunnþættir menntunar eru fléttaðir inn í námið.
6. Námsáætlanir eru í samræmi við hæfniviðmið og markmið áfangalýsingar.
7. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og koma til móts við fjölbreyttan nemendahóp, mismunandi námsþarfir og ólík viðfangsefni í námi og kennslu.
8. Námsmat er fjölbreytt, réttmætt og áreiðanlegt og byggir á margvíslegum námsmatsaðferðum sem gera ráð fyrir bæði leiðsagnar- og lokamati.
9. Nemendum eru skapaðar námsaðstæður og skólaumhverfi sem byggja á gagnkvæmri virðingu, öryggi og næði.
10. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og tækjum til kennslu.
11. Námsumhverfið nýtist á fjölbreyttan hátt til verkefnavinnu og samvinnu í námi.
12. Markvisst er unnið með tilfinningalæsi, félags- og samskiptafærni með nemendum.
13. Jafnréttis- og kynjafræðsla er hluti af starfsemi skólans og fléttast inn í kennsluna.
14. Fræðsla um loftslagsmál og sjálfbærni eru hluti af starfsemi skólans og fléttast inn í kennsluna.
15. Skólasafn skólans er búið fjölbreyttum námsgögnum sem tengjast námsgreinum skólans og námsmarkmiðum og er opið á skólatíma.
16. Í boði eru áfangar (s.s. íslenska sem annað mál) og/eða námsbrautir sem mæta þörfum nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Aftur á forsíðu

# 1.2 Gæði kennslu

## Viðmið um gæðastarf

Störf kennara endurspegla stefnu og markmið skólans um kennsluhætti. Viðfangsefni og kennslustundir eru vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur. Nemendur eru upplýstir um markmið kennslustundar og viðmið um árangur. Samskipti í skólastofunni eru góð og nemendur eru virkir þátttakendur í kennslustundinni. Kennsluhættir veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Skipulag, undirbúningur og námsmat örvar áhuga og metnað nemenda. Kennarar bregðast við einstaklingsbundnum námsþörfum með því að aðlaga nám og kennslu eins og kostur er. Til að öðlast lykilhæfni gefast nemendum margvísleg tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengja má starfsumhverfi og daglegu lífi. Nemendur fá þjálfun í að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum. Þeim er kennt að nýta sér stafræna tækni á ábyrgan hátt og með gagnrýnu hugarfari. Skipulag náms gerir ráð fyrir aðstæðum til sjálfstæðs náms og samvinnu nemenda. Nemendur fá svigrúm til umræðna og vita að skoðanaskipti eru hluti af námsferli. Námsmatsaðferðir eru fjölbreyttar og markvisst er fylgst með framförum sérhvers nemanda, m.a. með leiðsagnarmati sem byggist á markmiðum og viðmiðum um árangur.

## Vísbendingar

1. Virðing og hvatning einkennir samskipti kennara við nemendur.
2. Samskipti á milli samnemenda einkennast af virðingu og jákvæðni.
3. Kennarar skapa nemendamiðað námsumhverfi sem er lagað að ólíkum þörfum nemenda (inngildandi) og byggt á trausti.
4. Kennarar koma vel undirbúnir til kennslu og sýna hæfni og færni í námsgreininni.
5. Kennarar eru áhugasamir, tengja námið við daglegt líf þegar við á og leggja sig fram um að vekja áhuga nemenda.
6. Kennarar vísa til fyrri kennslustunda og tengja ný viðfangsefni með skýrum hætti við forþekkingu nemenda. [Eingöngu metið í innra mati.]
7. Kennslustundir eru vel skipulagðar og námstími nemenda vel nýttur.
8. Kennarar upplýsa nemendur um markmið kennslustunda og verkefna.
9. Kennarar miðla viðmiðum um árangur kennslustunda og/eða verkefna svo nemendur geti metið eigið nám sjálfir eða með jafningjamati.
10. Samvinna og samstarf nemenda er markvisst þjálfað og notað í námi og kennslu.
11. Kennarar gera námslegar kröfur til nemenda og kennsluhættir hvetja til virkrar þátttöku þeirra í kennslustundum.
12. Kennsluhættir ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda.
13. Umræður og skoðanaskipti eru markvisst notuð sem hluti af námi og kennslu, nemendur eru þjálfaðir í að hugsa á gagnrýninn hátt, tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
14. Kennarar brjóta til mergjar hluta viðfangsefna til að sýna nemendum hvernig og hvers vegna aðferðir eða ferli eru eins og þau eru. [Eingöngu metið í innra mati.]
15. Kennarar útskýra hugtök af nákvæmni í þágu dýpri skilnings, s.s. með því að taka ólík dæmi eða mótdæmi. [Eingöngu metið í innra mati.]
16. Nemendur læra að afla upplýsinga, vega þær og meta og vinna með þær á gagnrýninn og ábyrgan hátt.
17. Kennarar leggja áherslu á að nemendur nýti sér stafræna tækni á ábyrgan hátt og með gagnrýnu hugarfari.
18. Nemendur fá tækifæri til að vera skapandi í námi sínu (þ.m.t. í verkefnaskilum) hvort sem er í einstaklings- eða hópavinnu.
19. Kennarar halda skrá yfir námsmat og gefa nemendum reglulega uppbyggilega munnlega og ritaða endurgjöf á nám.
20. Niðurstöður námsmats eru notaðar markvisst til að endurskoða kennsluhætti.
21. Þeir kennsluhættir sem skólinn leggur áherslu á í stefnu sinni eru notaðir með reglubundnum hætti í kennslustundum.

Aftur á forsíðu

# 1.3 Samvinna og starfsþróun kennara

## Viðmið um gæðastarf

Allir kennarar líta á starfsþróun og faglegt samstarf sem lykilþátt í sínu starfi. Skólinn er lærdómssamfélag og kennarar líta á samvinnu sem leið til að bæta gæði náms nemenda og auka eigin fagþekkingu. Þeir leggja sitt af mörkum til að byggja upp getu og þekkingu í kennarahópnum með því að deila þekkingu sinni. Þeir taka jákvætt í breytingar og leitast við að þróa hæfni sína í takt við þarfir skólans, nemenda, samfélagslegar breytingar og fræðilega þekkingu hverju sinni. Kennarar ígrunda og endurskoða kennsluhætti sína til að mæta þörfum nemenda og taka þátt í markvissri starfsþróun í þeim tilgangi.

## Vísbendingar

1. Kennarar taka þátt í faglegu jafningjasamstarfi innan og/eða utan skóla og leitast við að nýta sér lærdóm úr þessu lærdómssamfélagi til að mæta þörfum nemenda og skóla.
2. Kennarar hafa jákvætt viðhorf til samvinnu og líta á hana sem leið til að bæta gæði kennslu og náms.
3. Kennarar eru reiðubúnir að deila sérþekkingu sinni með öðrum.
4. Kennarar bregðast jákvætt við breytingum og eru reiðubúnir að tileinka sér nýjungar í takt við þarfir skólans, nemenda og samfélagslegar breytingar og þróun.
5. Kennarar þróa og viðhalda hæfni sinni og þekkingu með reglubundinni og fjölbreyttri starfsþróun, þ.m.t. fræðslu og faglegu samstarfi innan skólans.
6. Kennarar ígrunda markvisst og endurskoða kennslu- og starfshætti sína til að mæta þörfum nemenda og skóla.
7. Kennarar gera stjórnendum reglulega grein fyrir hvernig þeir verja samningsbundnum starfsþróunartíma og hvernig starfsþróunin nýtist í starfi, s.s. í starfsmannasamtölum, eða með innsendingu skráningarblaða.
8. Kennarar og annað fagfólk skólans tekur þátt í faglegri innlendri eða erlendri samvinnu, s.s. með þátttöku í þróunar- og símenntunarverkefnum. [Eingöngu metið í innra mati.]

Aftur á forsíðu

# 1.4 Innri skólaþjónusta

## Viðmið um gæðastarf

Borin er virðing fyrir fjölbreytileika, markvisst er gert ráð fyrir mismunandi þörfum og hæfileikum nemenda við skipulag kennslu, húsnæðis skólans, lóðar og skólastarfs. Sérhver nemandi fær nám og kennslu í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og áherslur aðalnámskrár. Verkefni, viðfangsefni og úrræði veita nægjanlegan stuðning og eru hæfilega krefjandi til að gera öllum nemendum kleift að ná hámarks námsárangri. Nemendur sem þurfa aukinn eða sérhæfðan stuðning fá hann innan skólans eins og kostur er. Innri skólaþjónusta styður við nemendur í samvinnu við þá. Þegar á þarf að halda er leitað til ytri skólaþjónustu.

## Vísbendingar

1. Allt starfsfólk skólans er upplýst um innri skólaþjónustu og þau úrræði sem standa nemendum til boða.
2. Í skólanum starfa náms- og starfsráðgjafar sem gera skólanum kleift að sinna lögbundnum verkefnum á sviði innri skólaþjónustu.
3. Innri skólaþjónusta er vel kynnt og aðgengileg öllum nemendum.
4. Innan skólans er starfandi tengiliður farsældar sem veitir nemendum og foreldrum aðstoð og styður við samþættingu fyrsta stigs þjónustu.
5. Starfsfólk innri skólaþjónustu fylgist markvisst með velferð og farsæld nemenda, metur þörf þeirra fyrir þjónustu og hefur frumkvæði að leiðbeiningum og stuðningi við þá.
6. Nemendur sem hafa þörf fyrir táknmál/tákn með tali (heyrnarskertir, heyrnarlausir og daufblindir nemendur og/eða fatlaðir nemendur eða nemendur með málþroskafrávik) eiga þess kost að læra og nota íslenskt táknmál/punktaletur.
7. Nemendur fá kennslu, sérstakan stuðning og þjónustu til að stunda nám í samræmi við þarfir.
8. Kennarar vinna með fagfólki innri skólaþjónustu til að styðja við nám og bæta líðan nemenda.
9. Stuðningur við einstaka nemendur er skipulagður í samráði við viðkomandi nemanda og foreldra og ytri skólaþjónustu ef við á.
10. Markvisst er fylgst með ástundun nemenda í því skyni að bregðast við og veita stuðning við nemendur í brotthvarfshættu.
11. Skólinn er með móttökuáætlun og stöðumat fyrir nemendur sem eru byrjendur í íslensku og skipuleggur nám þeirra á grundvelli þeirra niðurstaðna.

Aftur á forsíðu

# 1.5 Námsvitund

## Viðmið um gæðastarf

Nemendur eru jákvæðir gagnvart námi og sýna frumkvæði, lausnamiðaða nálgun og þrautseigju. Nemendur þekkja styrkleika sína í námi og eru áhugasamir. Þeir eru meðvitaðir um lykilhæfni sem liggur til grundvallar námskránni og um mikilvægi hennar. Nemendur nýta sér tækifæri sem námskráin og önnur námsreynsla veitir til að tileinka sér og þróa þessa lykilhæfni. Þeir fá þjálfun og eru hvattir til að taka frumkvæði og bera ábyrgð á eigin námi og framkomu. Nemendur fást við fjölbreytt og krefjandi viðfangsefni sem stuðla að virkri þátttöku og rökhugsun. Nemendur meta framfarir sínar sem námsmenn og þróa með sér skuldbindingu og ábyrgð á námi sínu. Nemendur upplifa að námið auki þekkingu þeirra og hæfni sem nýtist þeim til framtíðar.

## Vísbendingar

1. Nemendur gera sér grein fyrir þeim hæfniviðmiðum sem þeir þurfa að vinna að til að ná markmiðum og árangri í námi.
2. Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum.
3. Nemendur nýta sér mismunandi leiðir í námi til að afla sér þekkingar, hæfni og leikni.
4. Nemendur sinna námi í samræmi við áætlun viðkomandi kennslustundar.
5. Nemendur hafa trú á að þeir nái þeim námsárangri sem áætlaður er á námsönninni.
6. Nemendur beita gagnrýnni hugsun og hæfni í að leita lausna í námi.
7. Nemendur meta eigið nám, vinnu og framfarir og eru meðvitaðir um styrkleika sína og hvar þeir geta bætt sig.
8. Nemendur leggja metnað í nám sitt og fylgja leiðbeiningum sem þeir fá um hvernig þeir geti bætt sig.
9. Nemendur nýta sér stafræna tækni í einstaklings- og hópavinnu á ábyrgan hátt og með gagnrýnu hugarfari.
10. Nemendur skilja og geta útskýrt tilgang verkefna sem þeir eru að fást við.
11. Nemendur vita hvar þeir geta leitað upplýsinga innan skólans og hvert þeir leita eftir aðstoð í námi.
12. Nemendur og foreldrar þekkja skólareglur og hvernig þeim er framfylgt.

Aftur á forsíðu

# 1.6 Ábyrgð og þátttaka

## Viðmið um gæðastarf

Nemendur taka þátt í þroskandi námsverkefnum og sýna frumkvæði og sjálfstraust. Þeir hafa jákvætt viðhorf til námsins og nýta bjargráð á borð við sköpunargáfu, tímastjórnun, gagnrýna hugsun, seiglu, útsjónarsemi og þrautseigju við lausn vandamála. Nemendur gera sér grein fyrir hlutverki sínu við að skapa jákvæðan skólabrag, sýna virðingu og taka tillit til annarra. Nemendalýðræði er virkt í skólanum með samvinnu og lýðræðislegum vinnubrögðum í skipulagi náms og skólastarfs. Nemendur vita að markvisst er leitað sjónarmiða þeirra um námsumhverfi, námstilhögun, fyrirkomulag skólastarfs, líðan og félagslegar aðstæður í skólanum. Tekið er tillit til sjónarmiða nemenda og ríkar væntingar gerðar til þeirra. Nemendur eru hafðir með í ráðum um ákvarðanir sem snerta þá. Nemendafélag er virkt og heldur uppi öflugu félagsstarfi. Stjórn nemendafélagsins er sýnileg og þáttur í inngildandi skólastarfi. Gott samstarf er á milli stjórnenda og stjórnar nemendafélagsins og skólinn styður við félagsstarf nemenda.

## Vísbendingar

1. Samskipti nemenda eru jákvæð og einkennast af samvinnu og virkni.
2. Nemendur taka ábyrgð á eigin námi í samræmi við aldur og þroska og nýta þær bjargir sem standa til boða.
3. Nemendur upplifa að þeir geti tjáð skoðanir sínar og reynslu í samræðum í náminu, s.s. í kennslustundum.
4. Nemendur taka þátt í samtali, tjá skoðanir sínar og spyrja og svara spurningum af öryggi.
5. Nemendur gera sér grein fyrir því að mistök eru eðlilegur hluti af námi.
6. Leitað er sjónarmiða nemenda um nám og fyrirkomulag skólastarfs.
7. Leitað er sjónarmiða nemenda um líðan og félagslegar aðstæður í skólanum.
8. Sjónarmið nemenda hafa áhrif á nám þeirra, aðbúnað og aðstæður í skólanum.
9. Samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins.
10. Stjórnendur og aðrir leiðtogar í skólanum gefa nemendum tækifæri og styðja þá til að gegna forystu og taka að sér leiðtogahlutverk.
11. Fulltrúar í trúnaðarstörfum nemenda, hvort sem það er á vegum nemendafélags eða annars staðar, endurspegla fjölbreytileika nemendahópsins.
12. Stjórn nemendafélagsins er lýðræðislega valin.
13. Gott samstarf er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans.
14. Stjórn nemendafélagsins á hlutdeild í ákvarðanatöku.
15. Nemendafélag skólans heldur uppi öflugu félagsstarfi fyrir nemendur með aðstoð starfsfólks.
16. Skólinn styður við félagsstarf nemenda og góð aðstaða fyrir nemendafélag er til staðar.
17. Jafnrétti og lýðræði einkennir félagsstarf nemenda.
18. Nemendafulltrúar í skólaráði og í öðrum nefndum á vegum skólans fá til þess leiðsögn.

Aftur á forsíðu

# 1.7 Árangur og farsæld nemenda

## Viðmið um gæðastarf

Nám við framhaldsskóla stuðlar að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi. Náminu lýkur með brautskráningu sem gefur réttindi á næsta skólastig, veitir starfsréttindi eða býr nemandann með fullnægjandi hætti undir frekara nám, þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi og í atvinnulífi. Nemendur, viðtökuskólar og atvinnulíf geta treyst því að námsmat meti á réttmætan og áreiðanlegan hátt hversu vel nemandanum hefur tekist að afla sér þeirrar hæfni sem ætlast er til og kemur fram í aðalnámskrá og skólanámskrá. Kennslan byggir á þeirri stefnu að allir nemendur geti tekið framförum með viðeigandi náms- og kennsluaðferðum. Markvisst er fylgst með árangri nemenda og nemendahópa og brugðist við þörfum þeirra með það að markmiði að viðhalda góðum árangri og bæta hann enn frekar. Nemendur njóta námsins, hafa hvata til náms og væntingar til að ná árangri sem námsmenn.

## Vísbendingar

1. Nemendum líður vel í skólanum.
2. Skólinn fylgist markvisst með líðan nemenda og viðheldur eða bætir stöðu sína hvað það varðar.
3. Nemendur hafa trú á eigin námsgetu og vænta þess að ná árangri í námi.
4. Nemendur hafa trú á því að skólinn veiti þeim góðan undirbúning fyrir frekara nám og störf.
5. Reglulega er fylgst með árangri og námsferli hvers nemanda og nemendahópa og hann skráður.
6. Kennarar og stjórnendur rýna sameiginlega í niðurstöður námsmats og ef nemendur ná ekki tilætluðum árangri er markvisst kannað hvað veldur og unnið að umbótum.
7. Útskriftarhlutfall skólans er ásættanlegt samkvæmt markmiðum stjórnvalda og skólans.
8. Skólinn hefur náð árangri í að draga úr brotthvarfi.
9. Skólinn aflar reglulega upplýsinga um hvort nemendur skólans hafi náð árangri á næsta skólastigi eða í atvinnulífi, eftir eðli náms. [Eingöngu metið í innra mati.]

Aftur á forsíðu

# 1.8 Vinnustaðanám

## Viðmið um gæðastarf

Framhaldsskólar hafa umsjón með nemendum í vinnustaðanámi og halda skrá yfir fjölda nemenda sem eru í slíku námi hverju sinni. Þeir sjá um gerð og staðfestingu vinnustaðanámssamninga og hafa eftirlit með þeim. Samningur er gerður milli skóla, nemanda og iðnmeistara/fyrirtækis/stofnunar um vinnustaðanám nemandans og vistaður í rafrænni ferilbók hans. Framhaldsskólar bera ábyrgð á því að fullnægjandi eftirfylgni sé með hæfni nemandans. Hæfni nemanda ræður tímalengd vinnustaðanáms og er hún metin af meistara á vinnustað og staðfest af fulltrúum skóla.

## Vísbendingar

1. Skólinn sér um gerð og staðfestingu vinnustaðanámssamninga fyrir nemendur.
2. Skólinn hefur virkt eftirlit með vinnustaðanámssamningum.
3. Skólinn hefur innleitt rafræna ferilbók.
4. Skólinn tryggir að tímalengd vinnustaðanáms ráðist af hæfni nemandans.
5. Skólinn er með skráð verklag varðandi eftirfylgni með nemendum sem búið er að kynna þeim áður en vinnustaðanám hefst.
6. Skólinn tryggir að nemendur í vinnustaðanámi þekki fyrirkomulag vinnustaðanáms, öryggismál og rétt sinn og skyldur.
7. Skólinn hefur vinnulag sem tryggir að innritaðir nemendur fái aðgang að rafrænni ferilbók í INNU við upphaf náms.
8. Skólinn hefur skýrt vinnulag varðandi það með hvaða hætti nemendur eru aðstoðaðir við að komast í vinnustaðanám.
9. Skólinn fylgir því eftir að rafræn ferilbók sé virk frá því að vinnustaðanám hefst og að merkt sé með reglubundnum hætti við hæfni nemenda eftir því sem náminu vindur fram.
10. Skólinn bregst fljótt og vel við ef brotið er á rétti nemenda eða önnur vandkvæði koma upp í vinnustaðanámi.
11. Nemendur eru innritaðir í skólann allan tímann sem vinnustaðanámið stendur.
12. Nemendur í vinnustaðanámi hafa umsjónaraðila innan skólans allan námstímann sem þeir geta leitað til.
13. Skólinn á í góðu og reglubundnu samstarfi við helstu hagaðila atvinnulífsins í nærsamfélaginu.

Aftur á forsíðu

# 2. Stjórnun og fagleg forysta

Aftur á forsíðu

# 2.1 Stefnumótun og innleiðing

## Viðmið um gæðastarf

Stjórnendur stuðla að því að unnið sé samkvæmt menntastefnu og markmiðum sem birtast í lögum um framhaldsskóla, aðalnámskrá og skólanámskrá. Skólameistari hefur forystu um að mótuð sé sýn og stefna sem birt er í skólanámskrá. Námskrá skólans er opinber og uppfærð reglulega með aðkomu starfsfólks og stjórnenda skólans. Grunnþættir menntunar samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla eru sýnilegir í stefnu skólans sem endurspeglar áherslu á inngildingu, jöfnuð tækifæra, félags- og tilfinningafærni og heildrænan þroska hvers nemanda. Stefna skólans gefur til kynna að skólinn sé lærdómssamfélag og skólastarfið í stöðugri þróun. Byggt á hlutverki skólans, áherslum og markmiðum mennta- og barnamálaráðuneytis hefur skólinn sett sér stefnu sem nær til allra mikilvægustu þátta starfseminnar. Sett hefur verið fram stefna um námsmat sem felur í sér leiðsagnar- og lokamat.

## Vísbendingar

1. Skólinn hefur skýra framtíðarsýn og skólastefnu og hún er birt í skólanámskrá.
2. Skólanámskrá uppfyllir viðmið aðalnámskrár framhaldsskóla.
3. Skólanámskráin  er unnin af fulltrúum starfsfólks skólans undir stjórn skólameistara og staðfest af skólanefnd að fenginni umsögn skólafundar. Fulltrúar nemenda hafa aðkomu að gerð skólanámskrár.
4. Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í stefnu og megináherslum skólans.
5. Stefna skólans og sýn felur í sér markmið og væntingar fyrir skólann sem lærdómssamfélag.
6. Stefna skólans endurspeglar að áhersla sé lögð á inngildingu og félagslegan jöfnuð.
7. Stefna skólans endurspeglar að lögð sé áhersla á að styrkja félags- og tilfinningafærni nemenda (geðrækt). [Eingöngu metið í innra mati.]
8. Stefna skólans er sýnileg í námsbrautarlýsingum, áfangalýsingum og námsáætlunum.
9. Skólinn hefur sett sér markmið sem ná til mikilvægustu þátta starfseminnar, þar á meðal til nemenda, námsframboðs, náms, gæða kennslu, námsmats, innri skólaþjónustu, stjórnunar og starfsmannahalds.
10. Virk áætlun er um innleiðingu á lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. [Eingöngu metið í innra mati.]
11. Stjórnendur, aðrir leiðtogar og kennarar hafa í sameiningu þróað stefnu skólans sem endurspeglar fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsmat, þ.m.t. leiðsagnarmat.

Aftur á forsíðu

# 2.2 Faglegt samstarf og samræða

## Viðmið um gæðastarf

Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki í skólanum og ber ábyrgð á starfsemi skólans, menntun, þróunarstarfi, kennslu og innra mati. Stjórnendur skólans vinna markvisst að því að innleiða og viðhalda lærdómsmenningu í skólasamfélaginu og stuðla á þann hátt að skólastarfi sem er í stöðugri þróun. Þeir hafa væntingar til náms, árangurs og vellíðunar nemenda og hvetja kennara til að þróa kennsluhætti sína markvisst og bæta gæði náms fyrir alla nemendur. Stjórnendur stuðla að faglegu samstarfi og samræðu um nám og kennslu. Þeir hvetja kennara til að rannsaka og rýna saman í árangur kennslu með hliðsjón af gögnum um framfarir nemenda. Stjórnendur stuðla að markvissri starfsþróun kennara og annars fagfólks skólans, bæði formlega og óformlega, innan og utan skólans eftir föngum. Stjórnendur setja umbótavinnu á oddinn og leitast við að valdefla kennara og annað fagfólk og skapa starfsumhverfi sem stuðlar að samvinnu.

## Vísbendingar

1. Stjórnendur og aðrir leiðtogar í skólanum vinna markvisst að því að innleiða og viðhalda lærdómsmenningu í skólasamfélaginu.
2. Það fer fram víðtækt samráð innan skólans um stefnumótun og áætlanagerð.
3. Stjórnendur miðla stefnu skólans og sýn með virkum hætti og beita sér fyrir því  að unnið sé að henni.
4. Stjórnendur styðja ígrundandi starfshætti og skapa menningu umbóta og skólaþróunar.
5. Stjórnendur hvetja kennara til að þróa starfshætti sína, kennslu og námsmat og til að deila starfsháttum sínum með öðru fagfólki.
6. Stjórnendur forgangsraða verkefnum og gefa starfsfólki jöfn tækifæri til að taka að sér verkefni og bera ábyrgð.
7. Innan skólans eru teymi sem hafa það hlutverk að leiða þróun og umbætur á lykilsviðum.
8. Stjórnendur hafa forystu um sameiginlega starfsþróun starfsfólks skólans.
9. Allt starfsfólk skólans tekur þátt í samstarfi og að þróa eigin starfshætti til að mæta þörfum nemenda og skóla.
10. Skólafundur með öllu starfsfólki skólans ásamt fulltrúum nemenda er haldinn að minnsta kosti árlega.
11. Reglulega eru faglegir samstarfsfundir, s.s. kennara-, deildar- og fagsviðsfundir, þar sem nám og kennsla, árangur og aðferðir eru ræddar og ígrundaðar byggt á gögnum um nám og kennslu í skólastarfinu.
12. Starfsfólk skólans bregst jákvætt við breytingum og er reiðubúið til að tileinka sér nýjungar í takt við þarfir skólans og nemenda og samfélagslegar breytingar og þróun.
13. Starfsfólk finnur að það er hluti af liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur í skólasamfélaginu.
14. Starfsfólk á í jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum við samstarfsfólk.

Aftur á forsíðu

# 2.3 Ytri tengsl og samstarf

## Viðmið um gæðastarf

Stjórnendur byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið, formleg og óformleg. Samskipti við foreldra beinast að því að styrkja nám, vellíðan, félagstengsl og farsæld nemenda í skólanum. Skólameistari stýrir skólaráði sem auk hans er skipað staðgengli hans og fulltrúum kennara og nemenda. Skólaráð er skólameistara til samráðs og aðstoðar. Foreldraráð starfar við skólann og á stjórn þess áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Foreldraráðið styður við skólastarfið, gætir hagsmuna nemenda og eflir samstarf foreldra. Stjórnendur og aðrir leiðtogar í skólanum byggja upp og viðhalda faglegum samstarfsvettvangi við aðra skóla, stjórnendur og samfélagið. Samkomulag hefur verið gert við heilsugæslustöð um fyrirkomulag heilbrigðisþjónustu við nemendur.

## Vísbendingar

1. Samskipti við foreldraráð og foreldra eru góð og gagnvirk.
2. Notaðar eru fjölbreyttar leiðir í samskiptum við foreldra og þeir vel upplýstir um skólastarfið.
3. Foreldraráð fundar reglulega, styður við skólastarf og gætir hagsmuna nemenda.
4. Leitað er eftir sýn og hugmyndum foreldra til að efla skólastarf.
5. Foreldrar eru upplýstir um innri skólaþjónustu (nemendaþjónustu), stuðning í skólanum og félagslíf nemenda.
6. Aðgengilegt er fyrir foreldra að koma á framfæri ábendingum og leitast er við að koma til móts við erindi þeirra.
7. Stjórnendur og aðrir leiðtogar í skólanum hafa byggt upp góð tengsl við nærsamfélagið, s.s. stofnanir, félagasamtök og önnur sértæk verkefni.
8. Skólinn á í virku og góðu samstarfi við aðliggjandi skólastig.
9. Skólinn á í virku og góðu samstarfi við annan/aðra framhaldsskóla. [Eingöngu metið í innra mati.]
10. Stjórnendur og aðrir leiðtogar í skólanum taka reglulega þátt í faglegu jafningjasamstarfi utan skólans og leitast við að nýta sér í sín störf.
11. Stjórnendur og aðrir leiðtogar í skólanum nýta sér fræðslu sem stendur til boða og styður við þróun skilvirkra stjórnunarhátta og forystu.
12. Formlegt og skráð samkomulag liggur fyrir við heilsugæslustöð um þjónustu við nemendur.

Aftur á forsíðu

# 2.4 Þróun skólastarfs

## Viðmið um gæðastarf

Stjórnendur hafa skapað menningu sem einkennist af reglubundinni endurskoðun, viðleitni til umbóta, samvinnu, nýsköpun og sköpun í námi, kennslu og námsmati. Mat á árangri og starfsháttum er hluti af daglegu starfi stjórnenda og annarra leiðtoga í skólanum og niðurstöður þess eru nýttar sem grundvöllur umbótastarfs. Stjórnendur miðla reglulega niðurstöðum mats og mælinga um árangur skólastarfsins og sjá til þess að kennarar hafi tíma og aðstæður til að rýna í þær og eiga samræður um þróun og umbætur starfsins. Þróunar- og/eða umbótaáætlun skólans byggir á stefnu skólans og fræðsluyfirvalda og upplýsingum úr innra og ytra mati á starfinu. Stjórnendur og aðrir leiðtogar innan skólans stýra innleiðingu þróunar-, breytinga- og umbótaverkefna af þekkingu og skilningi á breytingaferli. Stjórnendur leitast við að tryggja að starfsfólk fái viðeigandi tækifæri til starfsþróunar í tengslum við þarfir skólans fyrir umbætur og breytingar.

## Vísbendingar

1. Stjórnendur hvetja til og styðja við nýsköpun.
2. Stjórnendur hvetja kennara og annað fagfólk til að rýna saman í eigin starfshætti og árangur.
3. Stjórnendur styðja starfsfólk skólans í að nota stafræna tækni og meta ávinning af notkun hennar.
4. Starfsfólk tekur þátt í fjölbreyttri starfsþróun, þar með talið fræðslu innan skólans.
5. Stjórnendur eru meðvitaðir um að mikilvægur hluti af þeirra starfi sé að leiða þróunar- og umbótastarf skólans.
6. Niðurstöður mats og mælinga eru markvisst nýttar til umbóta og starfsþróunar.
7. Starfsþróunaráætlun er skráð og tekur mið af umbóta- og þróunarþörfum skólans.
8. Stjórnendur styðja við starfsþróun starfsfólks í því skyni að styðja við lærdómssamfélag skóla.
9. Haldin er skráning um hvernig kennarar nýta samningsbundinn starfsþróunartíma og hvernig starfsþróunin nýtist í starfi.
10. Starfsþróun tekur mið af því að auka stafræna hæfni starfsfólks.
11. Niðurstöður námsmats, skimana og nemendakannana eru markvisst notaðar til að efla kennsluhætti.
12. Jafningjamat og -stuðningur er notaður markvisst og reglubundið til að efla kennsluhætti.
13. Stjórnendur hvetja kennara og annað fagfólk til þátttöku í starfsþróun í þeim tilgangi að bæta nám og kennslu.
14. Stjórnendur styðja kennara og annað fagfólk til þátttöku í faglegri innlendri og erlendri samvinnu.
15. Stjórnendur og aðrir leiðtogar í skólanum fylgjast með þróun í menntamálum, laga sig að breytingum og forgangsröðun í stefnumörkun stjórnvalda og stýra innleiðingu breytinga með markvissum hætti.

Aftur á forsíðu

# 2.5 Verklagsreglur og áætlanir

## Viðmið um gæðastarf

Skólinn er með allar lögbundnar stefnur og áætlanir, s.s. forvarna- og viðbragðsáætlanir. Helstu upplýsingar um skólastarfið eru aðgengilegar á vefsíðu skólans. Stjórnendur sjá til þess að til staðar séu viðeigandi ferli, skilgreind verkefni og stjórnskipulag og að verklag og áherslur séu í samræmi við lög og reglur þar um. Í skólanámskrá (á vefsíðu skólans) eru birtar verklagsreglur sem gilda um meðferð og úrlausn mála, þar á meðal varðandi námsmat, fjarvistir, veikindi og stuðningsúrræði, skólasókn og námsframvindu. Í skólanámskrá eru einnig upplýsingar um viðurlög við brotum á skólareglum og reglur um meðferð ágreiningsmála, s.s. vegna samskipta milli nemenda, kennara og/eða annars starfsfólks, og beitingu viðurlaga.

## Vísbendingar

1. Vefsíða skólans er virk og inniheldur hagnýtar og uppfærðar upplýsingar.
2. Skólareglur eru skýrar, í samræmi við kröfur aðalnámskrár og birtar á vefsíðu skólans.
3. Farið er eftir skráðu ferli við brotum á skólareglum.
4. Fyrir liggja verklagsreglur um meðferð og úrlausn mála, s.s. varðandi námsmat, fjarvistir, veikindi og sérúrræði, skólasókn og námsframvindu.
5. Stjórnendur uppfylla skyldur um öruggt umhverfi og skólinn er með sérstakar forvarnar-, öryggis- og viðbragðsáætlanir til að fyrirbyggja að mál komi upp og bregðast við þegar þörf krefur, s.s. í vinnuverndar- og EKKO-málum (einelti, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni, ofbeldi).
6. Lögbundnar stefnur og áætlanir skólans eru birtar á vefsíðu.
7. Á vefsíðu er skilgreint hvernig unnið er samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.
8. Til er skráð og birt verklag um hvernig nemendur geti komið á framfæri ábendingum og kvörtunum sem varða kennsluhætti og einstaka kennara.
9. Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur, nemendur með fjölbreyttar stuðningsþarfir, nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og nemendur á flótta eða hælisleitendur er á vefsíðu skólans.
10. Skólinn er með skráðar verklagsreglur um boðleiðir og verklag um ágreiningsmál sem upp kunna að koma.
11. Stjórnendur fylgjast með að unnið sé eftir skólanámskrá, stefnum og áætlunum skólans.
12. Skólinn heldur utan um og skráir öll atvik; slys, óhöpp og næstum slys sem verða í skólanum, á samkomum eða í ferðum á hans vegum.
13. Vinnsla persónuupplýsinga, s.s. vistun gagna og nýting stafrænna lausna, er í samræmi við persónuverndarlög.

Aftur á forsíðu

# 2.6 Stjórnun stofnunar

## Viðmið um gæðastarf

Stjórnendur vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum, góðri skólamenningu og gagnkvæmu trausti meðal allra í skólasamfélaginu. Stjórnendur skipta með sér verkum þannig að sérþekking þeirra og reynsla nýtist skólastarfinu sem best. Stjórnendur leitast við að menntun og sérhæfing kennara nýtist í störfum þeirra til að tryggja sem best gæði náms og kennslu. Markvisst er tekið á móti nýju starfsfólki samkvæmt móttökuáætlun. Stjórnendur takast á við erfið og flókin viðfangsefni með jöfnuð, sanngirni og réttlæti að leiðarljósi. Almenn sátt er í skólasamfélaginu um stjórn skólans og störf skólameistara. Skólameistari sér til þess að lögbundinn árlegur starfstími nemenda sé virtur og vel nýttur. Daglegt starf er vel skipulagt og ágreiningur sem upp kemur er leystur.

## Vísbendingar

1. Stjórnendur stuðla að jákvæðri skólamenningu sem styður við nám og kennslu og þeir hvetja til samskipta sem einkennast af virðingu alls staðar í skólanum.
2. Stjórnendur stuðla að jákvæðum og góðum starfsanda og almennri vellíðan í starfi.
3. Stjórnendur eru aðgengilegir og með skilvirkt kerfi til að miðla upplýsingum til starfsfólks.
4. Stjórnendur vinna þétt saman, funda reglulega, miðla upplýsingum sín á milli og skapa og viðhalda jákvæðum, faglegum og virkum tengslum.
5. Stjórnendur fylgjast með samskiptum og hafa frumkvæði að lausn ágreiningsmála og þau eru leyst með farsælum hætti.
6. Verkaskipting stjórnenda er skráð og öllum ljós.
7. Sátt ríkir um daglegt skólastarf og hvernig það er skipulagt.
8. Áætlun er til um hvernig tekið er á móti nýju starfsfólki og unnið eftir henni með markvissum hætti.
9. Nýliðar í kennslu njóta leiðsagnar í sínum störfum. [Eingöngu metið í innra mati.]
10. Stjórnendur gera væntingar til starfsfólks um að meta eigin starfshætti og árangur.
11. Starfsfólki sem stendur frammi fyrir áskorunum í starfi er boðinn stuðningur.
12. Stjórnendur beita sér fyrir því að árlegir kennslu- og námsmatsdagar nemenda (180 talsins) séu vel nýttir.
13. Stjórnendur eru reiðubúnir að bregðast við með aðgerðum ef viðhöfð er hegðun eða starfshættir sem falla ekki að gildum skólans.
14. Það ríkir traust til stjórnenda innan skólans.
15. Reglulegar kannanir meðal hagaðila sýna jákvætt viðhorf til stjórnunar skólans.
16. Stjórnendur stuðla að því að kennarar nýti sér reglulega kennsluráðgjöf og/eða starfstengda leiðsögn. [Eingöngu metið í innra mati.]
17. Stjórnendur tryggja að kennarar og annað fagfólk fái þá fræðslu og leiðsögn sem þarf til að koma til móts við nemendur með fjölbreyttar stuðningsþarfir. [Eingöngu metið í innra mati.]

Aftur á forsíðu

# 2.7 Að leiða nám og kennslu

## Viðmið um gæðastarf

Skólameistari leitast við að auka þekkingu sína og hæfni og efla leiðtogahæfni annarra stjórnenda og leiðtoga í skólanum. Stjórnendur hafa væntingar til náms og árangurs nemenda og þeir móta og viðhalda hvetjandi námsumhverfi. Stjórnendur leitast markvisst við að styrkja leiðtogahæfni kennara og annars starfsfólks og fela fjölbreyttum hópi starfsfólks og nemenda umboð til að leiða verkefni. Stjórnendur skapa menningu um að kennarar og annað fagfólk skólans rýni saman í eigin starfshætti og árangur og veita endurgjöf á störf. Stjórnendur stuðla að skuldbindingu alls starfsfólks við inngildingu, jöfnuð tækifæra og heildrænan þroska hvers nemanda. Þeir fylgjast með þróun og framförum nemendahópsins, efla og styðja við þátttöku og forystu nemenda og stuðla að þátttöku foreldra í skólastarfinu. Stjórnendur tryggja innri skólaþjónustu til að styðja við nemendur. Fjármagn og aðrar bjargir skólans eru markvisst nýttar til að skapa og viðhalda lærdómssamfélagi og inngildandi starfsháttum.

## Vísbendingar

1. Stjórnendur leitast við að efla eigin þekkingu og leiðtogahæfni með stöðugri endurmenntun.
2. Stjórnendur fylgjast markvisst með þróun, ástundun, framförum, líðan og öryggi nemenda.
3. Skólameistari tryggir að nemendum séu gefin tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og þau séu tekin til greina.
4. Þau sem eru í leiðtoga- og stjórnunarhlutverkum meta og virða sjónarmið nemenda og foreldra og styðja þátttöku þeirra í skólastarfinu.
5. Stjórnendur hafa miklar væntingar til náms nemenda og árangurs þeirra.
6. Stjórnendur halda á lofti stefnu og gildum skólans.
7. Stjórnendur hvetja og styðja kennara og annað fagfólk skólans til að setja markmið um námsárangur fyrir nemendur.
8. Stjórnendur styðja og efla starfsfólk skólans svo það geti viðhaldið og aukið þekkingu sína og hæfni í lærdómssamfélagi.
9. Stjórnendur hvetja kennara til faglegs samstarfs og samræðu um nám og kennslu og til að rýna saman í árangur kennsluaðferða með hliðsjón af gögnum um framfarir nemenda.
10. Stjórnendur fylgjast reglulega með námi og kennslu og veita endurgjöf.
11. Starfsmannasamtöl fara fram reglulega.
12. Leiðtogar innan skólans leiða og bera skilgreinda ábyrgð á verkefnum sem snúa að skólastarfinu.
13. Starfsfólk upplifir að það njóti trausts til að taka að sér verkefni, leiða og bera á þeim ábyrgð.
14. Stjórnendur beina fjármunum, starfsfólki og öðrum björgum sérstaklega að þeim verkefnum sem hefur verið forgangsraðað og snúa að námi, vellíðan og farsæld nemenda.

Aftur á forsíðu

# 3. Innra mat

Aftur á forsíðu

# 3.1 Skipulag og framkvæmd innra mats

## Viðmið um gæðastarf

Skólameistari ber ábyrgð á og hefur forystu um vinnu við innra mat skólans. Litið er á framkvæmd innra mats og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægt og sjálfsagt verk. Innra mat er markmiðsbundið og samofið daglegu skólastarfi. Á vefsíðu er fjallað um helstu leiðir skólans við að meta innra starf sitt, bæði árangur þess og gæði. Fyrir liggja áætlanir um innra mat til skemmri og lengri tíma. Val matsþátta byggist á markmiðum skólans, stefnu og viðfangsefnum. Nám og kennsla er metin með markvissum og reglubundnum hætti. Skólinn notar innra mat til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum skólans hafi verið náð. Skilgreind eru viðmið um þann árangur sem stefnt er að og þau birt á vefsíðu skólans. Innra mat byggir á margvíslegum upplýsingum og notaðar eru fjölbreyttar aðferðir við öflun gagna. Val aðferða ræðst af viðfangsefninu, hópnum sem leitað er upplýsinga hjá og þeim spurningum sem lagt er upp með. Niðurstöður sem aflað er innan og utan skólans eru rýndar, ræddar og nýttar með markvissum hætti til umbóta og skólaþróunar. Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum. Markvisst hafa verið byggðar upp gagnaöflunaraðferðir og matstæki sem hafa verið aðlöguð að þörfum skólans. Þegar gagna er aflað er leitað eftir sjónarmiðum allra helstu hagaðila eftir því sem við á. Matsframkvæmdin er endurmetin reglulega og reynslan af matinu ígrunduð og skráð.

## Vísbendingar

1. Skólameistari hefur forystu um skipulag og framkvæmd innra mats.
2. Þau sem leiða innra mat skólans fást við það sem kerfisbundið ferli með áherslu á að auka gæði skólastarfs.
3. Teymi innan skólans hefur umsjón með framkvæmd innra mats og greiningu gagna.
4. Innra mat skólans byggir á samstarfi og þátttöku starfsfólks, nemenda og foreldra.
5. Starfsfólk álítur innra mat vera mikilvægan og sjálfsagðan hluta af skólastarfinu.
6. Á vefsíðu er umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf.
7. Fyrir liggja áætlanir um innra mat til skemmri og lengri tíma.
8. Stefna skólans og markmið eru metin markvisst og reglubundið.
9. Skólinn hefur skilgreint skýr viðmið um þann árangur sem stefnt er að.
10. Skólinn rýnir með reglubundnum hætti í gögn um skólasókn, námsástundun, virkni, líðan, félagstengsl og árangur nemenda og nýtir markvisst til umbóta í kennslu, starfsháttum og skipulagi.
11. Kennsluhættir og samskipti innan kennslustofunnar eru markvisst metin í innra mati.
12. Leiðir að markmiðum, s.s. verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferlar, eru hluti af innra mati.
13. Niðurstöður ytra mats og rannsókna eru nýttar sem gögn í innra mati.
14. Þau sem leiða innra mat skólans ráðfæra sig markvisst við stjórnendur, kennara, annað starfsfólk, nemendur og foreldra í þeim tilgangi að leggja mat á og bæta skólastarf, þ.m.t. nám, kennslu og námsmat.
15. Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun, bæði eigindlegra og megindlegra gagna.
16. Reynsla og aðferðir við innra mat eru endurskoðaðar reglulega.
17. Stuðlað er að því að starfsfólk fái tækifæri til að efla hæfni sína í innra mati.

Aftur á forsíðu

# 3.2 Umbætur

## Viðmið um gæðastarf

Innra matsferlið er notað til að innleiða umbætur og breytingar í skólanum og fylgjast með framvindu þeirra og árangri. Greinargerðir sem lýsa framkvæmd innra mats, helstu niðurstöðum og áætlunum um umbætur eru öllum aðgengilegar og birtar á vefsíðu skólans. Í greinargerð um innra mat er fjallað um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta og að hve miklu leyti markmið hafi náðst. Fyllsta trúnaðar við þátttakendur er gætt. Niðurstöður innra og ytra mats eru formlega kynntar hagaðilum og þeir taka virkan þátt í samræðum um umbætur. Umbætur eru skilgreindar og skipulagðar á grunni greiningar og samræðna hagaðila. Matsniðurstöður eru markvisst notaðar til umbóta og hafa með skýrum hætti áhrif á starfshætti skólans. Tímasett og metnaðarfull áætlun um umbætur er gerð og henni fylgt eftir með skipulögðum hætti og uppfærð að minnsta kosti árlega.

## Vísbendingar

1. Skólameistari og þau sem leiða innra mat skólans nota matsferlið sem leið til að innleiða breytingar í skólanum og fylgjast með framvindu og árangri þeirra.
2. Niðurstöðum úr innra og ytra mati er reglulega miðlað til helstu hagaðila, þ.m.t. nemenda og foreldra.
3. Upplýsingar um framkvæmd innra mats, helstu niðurstöður og áætlanir um umbætur eru birtar á vefsíðu eða með öðrum opinberum hætti.
4. Í greinargerð um innra mat er fjallað um helstu styrkleika skólastarfsins og tækifæri til umbóta.
5. Í greinargerð um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið skólans hafi náðst.
6. Þegar niðurstöður innra eða ytra mats liggja fyrir eiga sér stað samræður um þróun og umbætur meðal starfsfólks, nemenda og foreldra eftir því sem við á.
7. Umbótaáætlun skólans er í samræmi við niðurstöður innra mats og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta og endurspeglar sýn og stefnu skólans.
8. Í umbótaáætlun eru tilgreindar markvissar tímasettar aðgerðir þar sem markmið hafa ekki náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru. Ábyrgðaraðilar eru tilgreindir.
9. Umbótaáætlun er metnaðarfull og endurspeglar miklar væntingar til aukinna gæða í skólastarfinu.
10. Stjórnendur tryggja að umbótaáætlun sé virk, unnið sé samkvæmt henni í öllum skólanum og fylgst sé reglulega með framgangi hennar.
11. Umbótaáætlun er markvisst fylgt eftir og árangur aðgerða metinn.
12. Skólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning við skipulag og framkvæmd innra mats og umbótaáætlana.

Aftur á forsíðu

# Heimildaskrá


**Aðalnámskrá framhaldsskóla:** Almennur hluti. (2011). Mennta- og menningarmálaráðuneyti. https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/

Aðgerðaáætlun mennta- og barnamálaráðuneytisins 2025-2027.

Anna Kristín Sigurðardóttir. (2013). Skóli sem lærdómssamfélag. Í Rúnar Sigþórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímannsson (ritstj.) **Skólastarf í ljósi fagmennsku.** Bls. 35-54. Háskólaútgáfan.

An Roinn Oideachais Department of Education. (2024). **Looking at our school 2022: A quality framework for post-primary schools.** https://www.gov.ie/en/publication/b1bb3-looking-at-our-school-2022/

Education Scotland. (2015). **How good is our school?** (4. útg.). https://education.gov.scot/media/2swjmnbs/frwk2_hgios4.pdf

Fjármála- og efnahagsráðuneytið. (2019). **Stjórnendastefna ríkisins.** https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=0973d31b-8def-11e9-9440-005056bc4d74

Government of Malta. (2023). **National quality standards in education (3-16 years)**. https://educationservices.gov.mt/en/dqse/Documents/publications/Standards-EN.pdf

**Gæðastarf í grunnskólum**. (2022). Menntamálastofnun. https://mms.is/gaedavidmid-i-grunnskolum

**Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna**. (2015). https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/heimsmarkmidin/

Jóhanna Einarsdóttir. (1995). **Áhrif kenninga John Dewey á leikskólastarf**. Athöfn 27, 1. Bls. 28-32. Félag íslenskra leikskólakennara.

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2002. https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008092.html

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020. https://www.althingi.is/lagas/nuna/2020150.html

Lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 95/2019. https://www.althingi.is/lagas/nuna/2019095.html

OECD. (2009). **INES network for the collection and the adjudication of system-level descriptive information on educational structures, policies and practices. Outline of the Talis initial international report**. https://one.oecd.org/document/EDU/EDPC/INES/NESLI(2009)14/en/pdf

Ofsted. (2023). **Education inspection framework**. https://www.gov.uk/government/publications/education-inspection-framework/education-inspection-framework-for-september-2023

Onderwijs Inspectie. (2016). **OK reference framework**. https://www.onderwijsinspectie.be/en/ok-reference-framework

Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum nr. 326/2016. https://island.is/reglugerdir/nr/0326-2016

Reglugerð um hæfniramma með viðmiðum fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla nr. 1355/2022. https://island.is/reglugerdir/nr/1355-2022

Reglugerð um mat og eftirlit í framhaldsskólum nr. 700/2010. https://island.is/reglugerdir/nr/0700-2010

Reglugerð um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum nr. 230/2012. https://island.is/reglugerdir/nr/0230-2012

Reglugerð um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku nr. 654/2009. https://island.is/reglugerdir/nr/0654-2009

Reglugerð um starfslið og skipulag framhaldsskóla nr. 1100/2007. https://island.is/reglugerdir/nr/1100-2007

Reglugerð um vinnustaðanám nr. 180/2021. https://island.is/reglugerdir/nr/0180-2021

Sigríður Sigurðardóttir. (2016). **Leiðbeiningar um innra mat framhaldsskóla**. Unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2016/09/30/Leidbeiningar-um-innra-mat-framhaldsskola/

Stjórnarráð Íslands. (e.d.). **Menntastefna til ársins 2030. Framúrskarandi menntun alla ævi**. Mennta- og barnamálaráðuneytið. https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/menntastefna/


Aftur á forsíðu

# Viðauki

## Forsaga, tildrög og þróun viðmiða fyrir innra og ytra mat framhaldsskóla

Innra mat í framhaldsskólum var fyrst bundið í lög 1996 og hefur verið fastur liður í framhaldsskólastarfi síðan. Í lögunum frá 1996 var þáverandi mennta- og menningarmálaráðuneyti ætlað að gera úttektir á sjálfsmatsaðferðum skóla en með lögunum frá 2008 voru eftirlitsskyldur ráðuneytisins auknar þannig að þær ná nú til allra þátta í skólahaldi framhaldsskóla.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum er samkvæmt 40. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 að

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Samkvæmt 41. gr. laganna, reglugerð nr. 700/2010 um mat og eftirlit í framhalds¬skólum og aðalnámskrá framhaldsskóla á hver framhaldsskóli að vinna að þessum markmiðum með því að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins með virkri þátttöku aðila skólasamfélagsins. Matið á að vera samofið starfsemi skólans, vera umbótamiðað og ná til allra helstu þátta skólastarfsins. Það á að byggja á fjölbreyttum gögnum og niðurstöður þess eiga að vera birtar opinberlega. Með ytra mati er einnig unnið að þessum markmiðum og skulu matsskýrslur vera birtar opinberlega.

Fyrstu viðmið til að styðja við innra og ytra mat í framhaldsskólum voru unnin af starfshópi mennta- og menningarmálaráðuneytisins árið 2014 og endurskoðuð árið 2016. Þau lágu til grundvallar mati á starfi framhaldsskóla til ársins 2023. Menntamálastofnun hafði umsjón með ytra mati á framhaldsskólum fyrir hönd ráðuneytisins frá 2015-2023 en verkefnaráðnir matsaðilar, sem höfðu þekkingu og reynslu af framhaldsskólastarfi, sáu um framkvæmd þess. Fyrirkomulag ytra matsins var með þeim hætti að í aðdraganda þess lögðu matshópar innan skólans mat á stöðu hans með hliðsjón af viðmiðunum. Mat þeirra var svo afhent ytri matsaðilum fyrir heimsókn þeirra. Ytra matið snerist að verulegu leyti um að afla gagna til að meta sömu þætti og ýmist staðfesta það sem fram kom í mati skólans eða draga fram misræmi. Með þessu móti var leitast við að stuðla að markvissri samræðu milli skóla og ytri matsaðila. Á fundi með skólameisturum haustið 2023 komu fram óskir þeirra um að ytra matið næði til fleiri þátta í skólastarfinu (þ.m.t. til stjórnunar- og kennsluhátta) og myndi nýtast skólunum betur sem grunnur að innra mati. Að auki bentu skólameistarar á mikið vinnuálag vegna þeirrar sjálfsmatsvinnu sem þeir þurftu að standa skil á í aðdraganda ytra matsins.

Aftur á forsíðu

# Viðauki – framhald

Þegar fyrir lá ákvörðun um að Menntamálastofnun yrði lögð niður og umsjón með framkvæmd ytra mats færðist til nýs mennta- og barnamálaráðuneytis (MRN) var ákveðið að endurskoða framkvæmd matsins og móta ný viðmið sem myndu liggja því til grundvallar. Tveimur sérfræðingum ráðuneytisins, Björk Ólafsdóttur sérfræðingi í mati á skólastarfi og Þóru Þórðardóttur sérfræðingi í framhaldsskólateymi, var falið að leggja drög að nýjum viðmiðum. Á síðari stigum komu Nanna Kristjana Traustadóttir sérfræðingur í framhaldsskólateymi og Selma Barðdal sérfræðingur í ytra mati einnig að gerð viðmiðanna. Forvinna við mótun nýrra viðmiða fór fram í apríl til ágúst 2024 og var lagt upp með að viðmiðin nýttust jafnt í innra mati skóla og ytra mati ráðuneytisins. Til grundvallar nýjum viðmiðum liggja lög og reglugerðir um framhaldsskóla og aðalnámskrá framhaldsskóla. Einnig var litið til viðmiða um gæði í framhaldsskólum og gæðaramma á Írlandi, Möltu, í Bretlandi, Skotlandi, Belgíu og Svíþjóð, sjá nánar í heimildaskrá.

Drög að viðmiðum voru lögð til umsagnar og athugasemda fyrir sérfræðinga í teymi framhaldsskóla MRN og skólaþjónustuteymi MRN auk annarra sérfræðinga innan MRN, m.a. með sérhæfingu í leik-, grunnskóla- og frístundamálum, náms- og starfsráðgjöf o.fl. Drögin voru send á alla skólameistara landsins og skilaði Skólameistarafélag Íslands (SMÍ) umsögn fyrir hönd skólameistara, auk þess sem umsögn og ábendingar komu frá tveimur skólum. Miðstöð menntunar- og skólaþjónustu (MMS) fékk þau einnig til umsagnar. Í september og október 2024 voru viðmiðadrögin rýnd með rýnihópi frá MMS annars vegar og SMÍ hins vegar og breytingar gerðar. Drögin voru lögð fyrir fulltrúa úr íslenska hópi QUINT (Quality in Nordic Teaching) rannsóknarinnar og framhaldsskólateymi MEMM verkefnisins. Í mars 2025 fóru viðmiðin í rýni hjá Félagi framhaldsskólakennara (FF) og Sambandi íslenskra framhaldsskólanema (SÍF). Viðmiðin voru sett í samráðsgátt stjórnvalda í apríl 2025 og barst ein umsögn frá Samtökum Iðnaðarins, sem tekið var tillit til eftir því sem unnt var. Við endurskoðun viðmiða fyrir innra og ytra mat framhaldsskóla var aukið samræmi í viðmiðum allra skólastiga sem heyra undir mennta- og barnamálaráðuneytið (MRN). Lagt var upp með að ytri rammi viðmiðanna væri sá sami þó að viðmiðin sjálf og vísbendingar þeirra tækju mið af hverju skólastigi fyrir sig.

Með umfangsmeiri viðmiðum og breyttu verklagi við innra og ytra mat er leitast við að koma til móts við tillögur skólameistara sem fram komu á fundi MRN með skólameisturum haustið 2023. Innra mat út frá viðmiðum og vísbendingum dreifist nú yfir lengra tímabil og þannig er leitast við að tengja innra og ytra mat með eðlilegri hætti.

Aftur á forsíðu